

Uppbygging bókarinnar

Ef kennari telur að þörf sé á því að kynna fjölgreindakenninguna fyrir nemendum áður en þeir fara að lesa bókina má benda á kafla fjögur í bókinni, *Fjölgreindir í skólastofunni*.

Kaflarnir um greindirnar eru byggðir upp á sama hátt:

- 1 Sjálfkönnun
- 2 Umfjöllun um einkenni viðkomandi greindar
- 3 Skemmtilegar leiðir til að efla þessa greind
- 4 Hvað ef þessi greind er ekki ein af þínum sterkustu?
- 5 Hvað ef þessi greind er ein af þínum sterkustu?
- 6 Að líta til framtíðar – tengsl við starfsval
- 7 Vefslóðir og ítarefni

1. Sjálfkönnun

Nemendur fá ljósrit af könnunarblöðunum í bókinni og merkja við það sem hverjum og einum finnst að eigi við sig. Á meðan setur kennari upp spjöld merkt hverri greind á veggina í stofunni. Þau þurfa að vera það langt hvert frá öðru að litlir hópar geti safnast fyrir framan hvert þeirra. Þegar nemendur hafa lokið við könnunarblöðin fer hver og einn að þeirri greind sem hann telur sig sterkastan í. Venjulega dreifist

nemandahópurinn milli greinda og fjölbreytileikinn kemur skýrt í ljós. Nemendur sam hafa valið sömu greind bera sig stuttlega saman. Merktu þeir við sömu atriði eða mismunandi? Kennari ætti þá að ítreka að það er hægt að vera greindur á mismunandi hátt í hverri greind (sjá bls. 5).

Nemendur setja niðurstöður úr sjálfskönnuninni í möppu (leiðarabók) til að endurskoða þær þegar þeir eru lengra komnir með bókina. Sjá vinnublað 1.

2. Einkenni hversrar greindar

Hægt er að fjalla um einkenni hversrar greindar á fjölbreytilegan hátt. Ein leið er að setja nemendur í litla umræðuhópa þar sem hver hópur fær afmarkað verkefni til að fjalla um og kynna síðan fyrir hinum hópunum.

Dæmi: Málgreind. Hópar: Hvað merkir að vera málvís? – Talað mál – Ritun – Að nota orð í ritun – Málvís á annan hátt.

Nemendur geta leitað svara við ýmsum spurningum á borð við eftirfarandi: Hvernig tengjast þessir þættir námsefni nemenda? En því sem þeir gera utan skóla? Hvernig nýtist þessi greind í daglegu lífi? Geta nemendur lýst persónum sem búa yfir afburðahæfileikum í þessari greind? Þeir geta e.t.v. nýtt sér einhverjar af vefslóðunum sem bent er á í lok kaflans við vinnuna.

Dæmi: Líkams- og hreyfigreind. Hópar: Hvað merkir að vera hreyfivís? – Vertu í sambandi við líkama þinn – Tengsl hugar og líkama – Tjáningarríkur og listrænn líkami – Þjálfaðu hreyfivísi heilans. Nemendur geta leitað svara við hliðstæðum spurningum og í tengslum við málgreindina en auk þess er forvitnilegt að þeir velti fyrir sér hvort greind geti falist í líkamlegri færni og hvernig sú greind sé metin í skólanum og samfélaginu.

Önnur leið til að nálgast einkenni greindanna er að nota hlutverkaleik. Þá má skipta nemendum í átta manna hópa þar sem hver nemandi fær eina greind til að túlka með látbragði og/eða orðum. Þegar allir hópar hafa kynnt sinn hlutverkaleik getur verið fróðlegt að bera saman hvernig þeir túlka sömu greind á mismunandi hátt. Nemendur geta einnig spreytt sig á að semja sögu sem líkingu fyrir greindirnar (sjá t.d. bls. 49 í bókinni *Fjölgreindir í skólastofunni*). Sjá vinnublað 2, 3, 4 og 5. Ekki er nauðsynlegt að taka þau í þessari röð.



3. Skemmtilegar leiðir til að efla þessa greind

Hér er upplagt að hvetja nemendur til að velja sér nokkrar leiðir til að styrkja viðkomandi greind. Þá kemur leiðarbókin til sögunnar því sjálfsagt er að þeir skrái árangurinn í hana.

4. Hvað ef þessi greind er ekki ein af þínum sterkustu?

Allar greindir má styrkja ef vilji er fyrir hendi. Nemendur hafa nú þegar kannað styrkleika sína og geta því valið aðferðir til að styrkja veikari hliðar. Hér er áhersla lögð á að nýta styrkleika til að styrkja veikari hliðar en samtímis styrkjast þær sterkari. Vinnublað 6.

5. Að líta til framtíðar – starfsval

Það liggur beint við að tengja þetta viðfangsefni við náms- og starfsleiðir og starfskynningu. Hvar liggja hæfileikar nemenda nú? Hvernig rímar það við hugmyndir þeirra um framhaldsnám? Hvað geta þeir gert? Sjá vinnublað 7 og 14.